

**Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Kennslutækjasjóð Iðnskóla Akureyrar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. júlí 1968.**

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ um Kennslutækjasjóð Iðnskóla Akureyrar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Kennslutækjasjóður Iðnskóla Akureyrar, og eru stofnendur hans 10 ára nemendur I. A. 1961.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að afla fjár til kaupa á hagnýtum kennslu- og fræðslutækjum fyrir Iðnskóla Akureyrar.

### 3. gr.

Sjóðurinn veiti, á ókomnum árum, mótöku öllum fjárframlögum og samskotum þeirra, er áhuga hefðu á að efla tækni við kennslu í hinum ýmsu iðngreinum, -- og sýna þar með vilja til framgangs og möguleika á aukinni menntun iðnaðarmanna, svo og hlýhug í garð Iðnskóla Akureyrar.

### 4. gr.

Eigi má veita fé úr sjóðnum, fyrr en höfuðstóll hans er orðinn fullar 20 þús. króna. — Þó skal aldrei veita meira fé en svo, að höfuðstóll nái 5 þús. króna, ásamt ársvöxtum af þeirri upphæð.

### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu eiga sæti 3 menn: Skólastjóri, ásamt einum kosnum af skólanefnd, og einum, kosnum af hópi stofnenda sjóðsins. Stjórnarkosning skal fram fara á fjögurra ára fresti.

Stjórn sjóðsins annast bókhald hans og ávaxtar fé hans, enda hafi hún fulla ábyrgð á sjóðnum fyrir hönd Iðnskóla Akureyrar.

### 6. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef nauðsynlegt þykir, á sameiginlegum fundi skólanefndar og sjóðsstjórnar, og ráði einfaldur meiri hluti atkvæða.

### 7. gr.

Skipulagsskráin öðlast gildi 24. apríl 1961.

### Nöfn sjóðstofnenda:

Blængur Grímsson, húsasmiður, Sigurður Bárðarson, bifvélavirki, Ingólfur Ólafsson, klæðskerfi, Kristján Árnason, rennismiður, Ásta G. Kröyer, hárgreiðslumær, Margrét Albertsdóttir, gull- og silfursmiður, Ingvi R. Jóhannsson, rafvirkjameistari, Jón A. Jóhannsson, járnsmiður, Svavar Ottesen, prentari, Skúli H. Flosason, málari, Kári B. Jónsson, prentari, Svavar Jóhannesson, húsgagnasmiður, Einar Valmundsson, húsgagnasmiður, Jón Kr. Vilhjálmsson, rafvirki, Guðmundur Valdemarsson, húsasmiður, Gunnlaugur B. Sveinsson, vélvirki, Gunnlaugur Jóhannsson, rafvélavirki, Eggert Ó. Jónsson, rafvirki, Sigurður B. Jónsson, bakari, Helgi Jóhannesson bólstrari, Jón Þ. Haraldsson, vélvirki, Stefán Stefánsson, rennismiður, Guðmundur Stefánsson, bakari, Guðbrandur Sigurgeirsson, húsgagnasmiður, Hörður Jörundsson, málari, Gunnar D. Júlíusson, málari, Guðlaugur Þórhallsson, húsasmiður, Guðjón H. Danielsson, húsasmiður.